

Spurningar er varða skiplag og framkvæmd grunnskólahalds og frístundastarfs eftir 4. maí 2020

SKILGREINING Á RÝMI – FJÖLDATAKMARKANIR – AÐGENGI ANNARRA AÐ SKÓLUM

- *Geta kennsluráðgjafar og sálfræðingar skólaskrifstofunnar farið út í skóla eftir 4. maí eins og áður var? Þ.e.a.s. farið í skóla milli sveitarfélaga og hitt nemendur, foreldra og kennara.*
 - að því gefnu að starfsfólk haldi reglur um fjarlægð fyrir sitt leyti og að öllu hreinlæti og sóttvarnarreglum sé fylgt.
- *Þegar leik- og grunnskólar taka starfsdaga núna á vordögum hafa þá börn foreldra á forgangslistum áfram aðgang á skólunum á meðan neyðarstig ríkir?*
 - *forgangslistinn mun alveg hætta eftir 4. maí eins og staðan er núna. Hefðbundið skólustarf felur í sér skipulagsdaga og eru þá skólar lokaðir. Það er ekki þörf á að vera með starf á starfsstöðum fyrir þau börn þeirra sem sinna framlínustörfum.*
- *Er réttur skilningur að 50 manna hámarkið eigi aðeins við um framhalds- og háskóla en ekki um leik- og grunnskóla og frístundastarf?*
 - *já*
- *Ef 50 manna fjöldatakmarkanir gilda ekki um grunnskólanna hvað má þá vera með fjölmennar samkomu þar sem saman koma nemendur og starfsmenn skóla?*
 - *halda fullorðunum innan við 50. Engar fjöldatakmarkanir gilda um börnin*
- *Hvað er skilgreint sem rými í þessum stofnunum?*
 - *á ekki við*
- *Hvaða viðburðir verða á dagskrá til skólaloka, verður það samræmt?*
 - *allir viðburðir þar sem fullorðnir verða ekki fleiri en 50*
- *Hvað verður með tveggja metra regluna eftir 4. maí?*
 - *gildir ekki um börn í leik- og grunnskólum*
- *Mætingar á morgnana, geta allur mætt á sama tíma um sama inngang eftir 4. maí?*
 - *já, nema fullorðna þarf að takmarka við 50 og 2ja metra regluna*
- *Hversu margir starfsmenn skólanna mega vera saman í rými?*
 - *50 og 2ja metra reglan gildir*
- *Er eitthvað verið að fara horfa til frímínútnatakmarkana í stóru skólunum a.m.k. þar sem að kannski 3 – 400 börn eru úti í frímínútum í einu?*
 - *nei*
- *Samverustundir á sal á skólatíma nemenda eru algengar í skólastarfi grunnskóla. Verða einhverjar fjöldatakmarkanir eftir 4. maí í tengslum við slíkar stundir.*
 - *nei, ekki hvað börnin varðar en fjölda fullorðinna þarf að takmarka við 50 og 2ja metra reglan viðhöfð*
- *Hvað með skemmtanir nemenda í skólum t.d. má halda árshátíð unglíngadeildar sem telur rúmlega 100 nemendur og lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar?*
 - *já, en fjölda fullorðinna þarf að takmarka við 50 og 2ja metra reglan viðhöfð*
- *Mega kennarar fara á milli hópa frá og með 4. maí?*
 - *já*
- *Mega nemendur fara milli rýma þ.e. sækja list- og verkgreinastofur, frá og með 4. maí?*
 - *já*
- *Má kenna heimilisfræði með hefðbundnu sniði þar sem nemendur elda mat saman í smærri hópum, sem síðan er snæddur af nemendum sameiginlega?*
 - *já*
- *Má blanda saman nemendum úr mismunandi árgöngum í valkvæðum hópum/smiðjum í skólastarfinu?*
 - *já*

- Hvernig eiga samskipti starfsmanna innan skólanna að vera eftir 4. maí á kaffistofu eða í samkenndu kennara?
 - takmarka við 50 manns í rými og viðhalda 2ja metra reglunni milli samstarfsfólks
- Mega starfsmenn samnýta örbylgjuofna, kaffikönnur og fleira á kaffistofu starfsmanna eftir 4. maí?
 - já, með tilheyrandi smitgát
- Munu einhverjar fjöldatakmarkanir gilda um starfsmannafundi/samráðsfundi í skólum eftir 4. maí?
 - já, takmarka við 50 manns í rými og viðhalda 2ja metra reglunni
- Verður gert ráð fyrir takmarkandi aðgangi utanaðkomandi aðila að grunnskólum eftir 4. maí?
 - já, með tilheyrandi smitgát
- Er leyfilegt að fá leiðbeinendur með t.d. skyndihjálparnámskeið inn í grunnskólann?
 - já, með tilheyrandi smitgát
- Má boða foreldra til sameiginlegs foreldrafundar eftir 4. maí og hvað mega þá margir koma til slíks fundar í skóla?
 - já, takmarka við 50 manns í rými og viðhalda 2ja metra reglunni
- Má boða foreldra í skóla til einstaklingsfunda/teymisfunda eftir 4. maí?
 - já
- Er leyfilegt fyrir starfsmenn fjölskyldusviðs og skólaskrifstofa að mæta í viðtöl og á fundi í skólum?
 - já, með tilheyrandi smitgát
- Nú er nokkuð um það að húsnæði skóla sé leigt út til utanaðkomandi aðila samhliða skólastarfi og að loknu skólastarfi á daginn. Verður slíkt heimilt eftir 4. maí?
 - Meta þarf hverju sinni hvort sú starfsemi sem fram fer í útleigunni samræmist reglum um samkomubann.
- Munu sömu afléttingar á takmörkunum gilda í félagsmiðstöðvum og frístundastarfi tengt skólum frá 4. maí?
 - já

SKÓLAAKSTUR

- Mega nemendur sitja hlið við hlið? Erfitt er að gæta að tveggja metra reglu í hópferðabifreiðum með nemendum og starfsmenn.
 - já, en starfsmenn viðhaldi 2ja metra reglunni
- Er leyfilegt að fara með leikskólabörn í útskriftarferð í rútum í aðra byggðarkjarna?
 - já
- Er í lagi að fara með nemendum í strætó?
 - já

MÖTUNEYTI OG BÓKASAFN

- Mötuneyti skólanna – á að halda þeim opnum og hvernig eiga takmarkanir að vera varðandi setu í matsal eða afgreiðslu á mat?
 - já, engar takmarkanir varðandi börnin
- Mega nemendur skammta sér sjálfir í matsal?
 - já
- Mega nemendur að hjálpa til við frágang eftir matinn?
 - já
- Mega fleiri en 50 vera í matsalnum í einu?
 - já
- Verða bækur á bókasafni til útláns eða bara innköllun bóka til skólaloka?
 - já

SÓTTVARNIR OG PRIF

- Er áfram gert ráð fyrir viðbótarþrifum og sprittun, s.s. í lok skóladags í leikskóla, í matsal skóla og á salernum? (Hvað með sameiginleg salerni fyrir jafnvel marga tugi barna?)
 - já, hvatt er til sérstaks hreinlætis, sótthreinsunar og handþvotta, einkum á flötum sem margir ganga um
- Í verkgreinakennslu nota nemendur mikið sömu áhöld. Verður það heimilt og þarf þá að sótthreinsa áhöld þegar þau ganga milli nemenda eftir 4. maí?
 - já, hvatt er til sérstaks hreinlætis, sótthreinsunar og handþvotta, einkum á flötum sem margir ganga um
- Starfsfólk sem er heima með vottorð vegna undirliggjandi sjúkdóma. Er líklegt að slíkt mat lækna breytist eftir 4. maí?
 - nei
- Ef að upp kemur smit á heimili barns, verða áfram í gildi sömu reglur um sóttkví, þ.e. að þá yrði allur námshópur barns sendur heim, eða ef starfsmaður veikist?
 - Ef vafi er um hvort barn eigi að vera í sóttkví, t.d. vegna ferðalaga erlendis eða umgengni við smitaða, er mikilvægt að fá ráðgjöf frá heilsugæslunni, í vaktsíma 1700, eða gegnum vefinn heilsuvera.is, áður en nemandi fer í skólann.
- Móðir er með undirliggjandi lungnasjúkdóm og í sóttkví skipaðri af sínum lækni. Börnin hennar (hún er einstæð) hafa verið með henni. Hún fær skýrar upplýsingar um að hún er í þeim áhættuhópi sem verið er að tala til á öllum fundum...og börnin hennar eru auðvitað smitberar...erum við þá að fara út í það að finna börnum hennar önnur heimili á meðan eða sinna sjúkrakennslu heima (hennar orð).
 - Ef vafi er um hvort barn eigi að vera í sóttkví, t.d. vegna ferðalaga erlendis eða umgengni við smitaða, er mikilvægt að fá ráðgjöf frá heilsugæslunni, í vaktsíma 1700, eða gegnum vefinn heilsuvera.is, áður en nemandi fer í skólann.
- Foreldrar sem eru með undirliggjandi sjúkdóma (eða í krabbameinsmeðferð) og hafa þess vegna haldið börnum sínum heima á undanförunum vikum. Eiga þeir að senda börnin sín í skóla eftir 4. maí.
 - Ef vafi er um hvort barn eigi að vera í sóttkví, t.d. vegna ferðalaga erlendis eða umgengni við smitaða, er mikilvægt að fá ráðgjöf frá heilsugæslunni, í vaktsíma 1700, eða gegnum vefinn heilsuvera.is, áður en nemandi fer í skólann.

MÓTTAKA NÝNEMA, ÚTSKRIFT OG NÁMSMAT

- Má hafa móttöku fyrir nýnema (leikskólabörn) næsta skólaárs ásamt foreldrum, ca 100 foreldrar og 50 – 60 nýnemar, sem ganga svo um skólann í 2 aðskildum hópum (70-80 manns)?
 - Nei, mælt er gegn slíku þar sem takmarka skal umgengni fullorðinna um leikskólabyggingar.
- Er leyfilegt að fara með elstu nemendur leikskóla í smáum hópum í heimsókn í grunnskóla í skólaaðlögun? Hvað ef nemendur koma saman frá nokkrum leikskólum í sömu heimsókn?
 - já
- Nú eru dæmi um að nemendur 10. bekkja séu í starfsnámi í fyrirtækjum tengt ákveðnum valáföngum. Verður heimilt eftir 4. maí að virkja þessa áfanga að nýju?
 - já
- Hvaða línur verða lagðar varðandi útskriftir nemenda / útskriftarhátíðir/skólaslit grunnskóla hvað fjöldatakmarkanir varða?
 - Mælt er til þess að skólar og foreldrafélög skipuleggi ekki fjölmennar samkomur af slíku tagi. Um samkomur gildir að fullorðnir verða að virða fjöldatakmarkanir (ekki fleiri en 50 í sama rými) og halda 2 metra fjarlægð sín í milli. Samkomur á vegum grunnskóla geta farið utan skólans en án fullorðinna gesta.

- eru líkur á því að það komi fram miðlægar reglur eða leiðbeiningar um skólalok nemenda í 10. bekk?
 - nei
- Verða útskriftarferðir nemenda í 10. bekk?
 - já

ÍPRÓTTIR OG SUNDKENNSLA

- eru sparkvellingir opnir, sbr reglur um íþróttæfingar?
 - já
- Má kenna íþróttir á skólalóð, einn bekkur í einu?
 - já
- Má kenna sama hópi inni í íþróttahúsi?
 - já
- Hvað með notkun á búningsklefum eftir útiþróttatíma?
 - heimilt
- Mega nemendur nota sama bolta í íþróttatímum eftir 4. maí.?
 - já
- Íþróttatímar, falla þeir undir bann við íþróttaiðkun innanhúss eða verða íþróttatímar undanþegninir banninu.
 - nei
- Hvað með að sundlaugarnar verði þær lokaðar líka fyrir skólasund?
 - nei
- Það er víða hefð fyrir því að sundkennsla yngstu nemendanna fari fram í maí. Má kenna 10 – 12 börnum í hóp sund ef sundlaugar eru lokaðar að öðru leyti?
 - já
- Ákveðnir skólar reka sínar eigin sundlaugar. Verður skólasund leyft í þeim sundlaugum eftir 4.maí?
 - já
- Mun 10. bekkur geta fengið sitt lokasundstig fyrir útskrift?
 - já

VETTANGSFERÐIR – VORFERÐALÖG – RÚTUR – SKÓLABÍLAR

- Skólabúðirnar Reykjum. Þar eru ca. 100 börn í einu með ca. 15 starfsmönnum. Má ekki starfrækja skólabúðirnar í vor?
 - Að því gefnu að starfsfólk haldi reglur um fjarlægð fyrir sitt leyti og að öllu hreinlæti og sóttvarnarreglum sé fylgt þá á starfræksla skólabúðanna að vera í lagi – miðað við reglurnar á gildistíma þeirra. Við teljum engu að síður rétt að rekstraraðilar beri þetta jafnframt undir menntamálaráðuneytið.
- Vorferðalög s.s. á Úlfjótuvatn eða í aðrar vettvangsferðir, má viðhalda svoleiðis ferðum ef að móttökur hópanna eru samþykktar af staðarhöldurum eða verður bann við þeim?
 - já
- Mega allir nemendur t.d. árgangur fara saman í skólaferðalag?
 - já
- Hvað með vettvangsferðir nemenda t.d. á söfn eftir 4. maí.?
 - já
- Bæði grunn- og hluti af leikskólabörnum koma alla jafna í skólann með skólabíl. Er eitthvað því til fyrirstöðu að blanda saman þeim stigum í skólabílinn þ.e. leik og grunnskóla?
 - Nei, tveggja metra reglan gildir ekki heldur hjá börnum í skólabílum